

184 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
 13. des. spítalagjald af síld. — Í brjefi frá 26. oktbr. þ. á. hefir sýslumaðurinn í Eyja-
 fjarðarsýslu skýrt frá því, að Norðmenn þeir, sem í sumar hafa veitt síld á Eyjafirði
 hafi þegar í stað saltað síldina niður í tunnur, og hafi í hverja tunnu farið um 2 skf.
 af salti, og verði þeir að sögn sinni að salta síldina upp aptur, áður en hún sje
 flutt á markaðinn, en við það muni hver tunna rýrna um þriðjung. Hefir sýslumaður-
 inn því gjört fyrirspurn um, hvort spítalagjaldið skuli reikna af hverri tunnu, eins og
 hún er útflutt hjeðan, eða hvort draga megi frá tunnutölunni $\frac{1}{3}$ fyrir uppfyllingu
 þeirri, er nauðsynleg er í tunnurnar, þegar nokkuð er liðið frá fyrstu niðursöltuninni.

Fyrir því skal yður, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknun-
 legrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi sýslumanni, að tilskipunin um spítala-
 gjald 12. febr. 1872 inniheldur ekki neina heimild til að draga frá nokkurn hluta af
 gjaldi því $\frac{1}{2}$ alin, sem ákveðið er fyrir hverja tunnu af saltaðri síld, og verður gjald
 þetta því að greiðast af hverri síldartunnu, eins og hún er útflutt hjeðan.

Samþykkt

185

14. des.

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar af opnum bátum og skipum í verstöðu Reyðarfjarðar
 samkvæmt lögum 14. desbr. 1877.

1. Frá byrjun maímán. til jóla má enginn leggja lóðir utar í sjó en að línu þeirri, er
 hjer greinir:
 b, fyrir Reyðarfirði úr Gerpistanga í Gröenunýpu, ekki utar en svo að Gröenanýpa
 losni fram undan Vattarnesfjalli.
2. Það skal ákveðið af sjö manna nefnd, hve margir bátar, miðað við línutölu á hverju-
 um bát geti mest, að skaðlausu (þannig að ein lína þurfi ekki að vera lögð ofan í
 aðra), notað veiðistöðina, en veiðistöð Reyðarfjarðar nær frá ofanumgetinni línu inn
 að línu sem hugsast dregin frá Kolmúlaskaga í Litlu Breiðuvíkurfles. Nefnd þessi
 skal á sínum tíma kosin af sýslunefndinni og sjeu í henni: 3 menn úr Reyðarfirði, 2
 úr Norðfirði og 2 úr Fáskrúðsfirði. Nefndarmenn þessir skulu áður vinna eið að
 því, að framkvæma þetta starf eptir beztu samvizku og hlutdrægnislaust; skal þeim
 veitt borgun úr sýslusjóði fyrir starfa sinn, eptir reikningi, sem sýslunefndin úr-
 skurðar.
3. Forgangsrjett til að nota verstöðina hafa íbúar hlutaðeigandi fjarðar, sem gjöra
 nægilega grein fyrir, að þeir á vertíðinni muni virkilega halda úti, þá aðrir sýslu-
 búar með sama skilyrði, þá aðrir innlendir eins, og loks útlendir innanríkismenn.
4. Á hverju ári í marzmánaðarlok tilkynnir hreppsnefnd sýslumanni, hve margar linur
 (lína skoðast sem 3. stokka lína) innanhreppsmenn ætla að brúka í verstöð, ákveður
 svo sýslumaður samkvæmt annari gr., hverjir utanhreppsmenn megi einnig nota ver-
 stöðina, og tilkynnir það hlutaðeigandi hreppsnefnd jafnóðum. Engvir aðrir mega
 nota hlutaðeigandi verstöð, en þeir sem eru innanhreppsmenn eða hafa leyfi sýslu-
 manns, skal öllum öðrum vísað burt; dugi það ekki, má gjöra upptæk veiðigögn
 þeirra fyrir sektum, sem þeir þannig eru ífallnir.
5. Enginn má afhöfða nje slægja fisk á sjó úti, og ekki mega þilskip, sem liggja fyrir
 akkeri á fjörðum, en hafa báta úti til fiskjar, gjöra það nema á landi, o: enginn má
 skilja við slóg neðar en fyrir ofan flóðmál. Komi bátur úr róðri með slögðan fisk,

skoðast hann að hafa brotið þessa grein, nema hann strax sanni og leiði votta að, **185**
að hann hafi gjört það í landi. 14. des.

6. Handfæri, skötulínu og gagnvaði má hver stunda, hvar sem hann vill.
7. Allir eru skyldir að hafa brennimark eða annað glögggt merki á uppistöðum sínum og tilkynna það hlutaðeigandi hreppsnefnd, einnig er hver úthaldseigandi, sem heldur úti í verstöðinni, skyldur að merkja bát sinn með glöggu merki (dökkt á ljósu eða ljóst á dökku), sem honum verður tilkynnt, um leið og hann fær heimild til að halda úti í verstöðinni.
8. Enginn má vísitjandi leggja línu ofan í línu annars manns.
9. Útgjörðarmaður báta og skipstjóri á þilskipum hafa að öllu leyti ábyrgð á því, er sjómenn hans brjóta samþykkt þessa, aptur á móti eru þeir einn fyrir alla og allir fyrir einn skyldir að endurgjalda honum það tjón, sem hann líður við þetta nema hann sje sjálfur orsök í brotinu, rjett er að leggja lögðald á báta og veidarfæri til borgunar sektum, nema hann geti gefið aðra áreiðanlega vissu fyrir sektum og kostnaði.
10. Þeir, sem í verstöðum halda úti, eru skyldir að tilkynna hlutaðeigandi yfirvaldi, ef þeir ætla að einhver hafi brotið samþykkt þessa, og gjöra sitt ýtrasta til, að brotið verði sannað.
11. Samþykkt þessa skal einnig hafa prentaða til útbýtingar, borgar sýslusjóður helming kostnaðarins en hinn helminginn af hlutaðeigandi sveitasjóði. Samþykktina skal einnig birta í blaði Austanlands.
12. Kostnaður sá, sem kann að leiða af samþykkt þessari og ekki er gjört ráð fyrir borgun hans hjer að framan, borgist af hlutaðeigandi hreppssjóði eptir úrskurði sýslunefndar.
13. Allir þeir, sem til úthalds liggja fyrir innan línu þessa, sem um er getið í 1. gr. þessarar samþykktar, eru bundnir við hana, og skal hún einnig ná til smáaungla-línulagna þeirra, sem liggja til vers í Seley.
14. Um sektir fyrir brot gegn þessari samþykkt fer samkvæmt 7. gr. í löguin 14. desbr. 1877, þannig að uppljóstrarmaður fær helming sekta og fátækra sjóður, er verstöðusamþykkt hans er brotin, hinn helminginn.

Viðaukagrein.

Nú kemur bátur í verstöðu og vill fá að halda þar úti, og verður hann til þess að fá samþykki sýslumanns.

*

*

*

Framanskriðuð samþykkt var þannig staðfest á almennum fundi í Reyðarfirði 4. sept. þ. á. og samþykkt að gilda fyrst um sinn 1 ár af sýslunefnd Suður-Múlasýslu þann 15. septbr. 1880.

Jón Johnsen.

*

*

*

Samþykkt þessi staðfestist hjer með af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. dag aprilmánaðar 1881 og kuungjörist hjer með öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Skrifstofu norður- og austuramtsins 14. desbr. 1880.

Christiansson.